

Leyfi til framleiðslu fódurs

Allir þeir sem vinna fódur úr aukaafurðum dýra eða nota aukefni eða forblöndur aukefna þurfa að hafa til þess gild leyfi sem Matvælastofnun veitir. Skv. 4. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, skulu slík fyrirtæki hafa tölusett starfsleyfi til staðfestingar því að settum skilyrðum sé fullnægt.

Tilgangur með þessum leiðbeiningum er að veita þeim sem hyggja á framleiðslu fódurs með aukefnum, forblöndum aukefna eða úr dýraafurðum upplýsingar um hvernig staðið er að umsókn um starfsleyfi og hvernig unnið er að veitingu starfsleyfa hjá Matvælastofnun þegar umsókn berst. Umsækjendum er jafnframt bent á að kynna sér leiðbeiningar um innra eftirlit í fódurfyrirtækjum „GÁMSS“ sem finna má á vef Matvælastofnunar.

Forsendur þess að geta sótt um starfsleyfi

- að umsækjandi hafi yfir að ráða aðstöðu (húsnæði og búnaði) sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru skv. II. og IV. viðauka reglugerðar EB nr. 183/2005 um kröfur er varða hollustu fódurs (innleidd með reglugerð nr. 107/2010) og 18. gr. og VIII. viðauka reglugerðar EB nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis (innleidd með reglugerð nr. 108/2010), sjá bls. 3 og 6 hér fyrir aftan.
- að heilbrigðisyfirvöld sveitarfélagsins hafi gefið út starfsleyfi fyrir starfseminni í húsnæði vinnslunnar til samræmis við lög. nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
- að stjórnandi (umsækjandi) eða tilgreindur starfsmaður hans kunni skil á aðferðum innra eftirlits sem byggja á meginreglum um greiningu áhættu og mikilvæga stýristaði, GÁMSS (Haccp).

Umsókn send til Matvælastofnunar

Að uppfylltum ofangreindum forsendum sendir umsækjandi umsókn á þar til gerðu eyðublaði til Matvælastofnunar. Á umsóknareyðublaðinu skulu vera fylltar út upplýsingar um umfang starfseminnar (fjöldi starfsmanna, áætlað framleiðslu magn og stærð vinnslusvæðis).

Með umsókn fylgi að lágmarki eftirtalin gögn

- Verklagsreglur skv. gæðahandbók.
- Upplýsingar um helstu stjórnendur og starfssvið þeirra.
 - Hér er átt við þá stjórnendur sem bera ábyrgð á öryggi, heilnæmi og gæðum afurða.
- Grunnteikning starfsstöðvar
 - Á teikningunni skal koma fram skipulag búnaðar, aðskilnaður lagersvæðis, hráefnasvæðis, vinnslusvæðis og þökkunarsvæðis, flæði vöru, umferð hjálpartækja s.s. lyftara, gönguleiðir starfsmanna frá búningsherbergjum að vinnustað, staðsetning handlauga.
- Lýsing á lokaafurðum
 - Þar skal koma fram m.a. samsetning (hráefni, aukefni, íblöndunarefni), efnis- og eðlisfræðileg samsetning, vinnsluaðferð (t.d. hitun, þurrkun, frysting, kögglluno.s.frv.), þökkun og geymsluþol, notkunarleiðbeiningar og fyrir hvaða dýrategund fódrið er ætlað.
- Flæðirit framleiðsluferla
 - Flæðirit skal tilgreina öll þrep framleiðsluferilsins í réttri röð. Allar afurðir til fódurgerðar þ.m.t. hverskonar fiskafurðir (afskurður, marningur o.s.f.), hverskonar sláturafurðir (lifur, hjörtu, kjötafskurður, vambir o.s.f.) skulu koma fram í flæðiriti. Stjórnandi / ábyrgðarmaður vinnslu/innra eftirlits skal staðfesta að flæðiritið sé rétt með undirskrift sinni og dagsetningu.
- Lýsing á vinnslu og verkunarferli
 - Stutt lýsing á því hvað fram fer á hverju þrepi flæðiritsins. Tilgreina skal magn viðbættra aukefna, hitastig og tíma þar sem það er hluti verkunaraðferðar o.s.f. Einnig skal tilgreina geymsluskilyrði vörunnar.
- Greining hættu og ákvörðun mikilvægra stýristaða, MSS.
 - Tilgreina skal hvað hættur steðja að vörunni allt frá móttöku hráefnis til afhendingar vörunnar. Hættur í fódurgerð geta: a. borist með hráefni; b. myndast á framleiðsluþrepi; c. aukist vegna fjölgunar sjúkdómsvaldandi örvera eða d. lifað af ófullnægjandi eyðingu (t.d.

- ónæg hitun). [eða: verið áfram til staðar í fóðrinu vegna ófullnægjandi eyðingar (t.d. ónæg hitun)]
- Flokka skal hætturarn í líffræðilegar, efnafræðilegar (kemiskar) og eðlisfræðilegar (áþreifanlegar) hættur. Ef hættugreining sýnir fram á hættu þá skal greina hvort um er að ræða mikilvægan stýristað (MSS) eða ekki. Mælt er með að nota CODEX greiningartré, en aðrar sambærilegar aðferðir er einnig hægt að nota.
 - Ákvörðun viðmiðunarmarka fyrir MSS
 - Hafi mikilvægir stýristaðir greinst í framleiðsluferlinu, skal ákvarða viðmiðunarmörk fyrir sérhverja fyrirbyggjandi aðgerð/breytu sem tengist MSS. Viðmiðunarmörk eru ýmist lágsta eða hæsta gildi á þeim mælanlegu breytum sem notaðar eru til að segja til um hvort hættan sé enn til staðar eða hvort henni hafi verið eytt eða dregið úr henni að viðunandi marki. Dæmi um slíkar breytur eru hitastig, tími, sýrustig (pH).
 - HACCP vöktunaráætlun
 - Hafi hættugreining leitt til mikilvægra stýristaða, þurfa að vera til staðar vöktunarreglur og skráningar vegna vöktunar og eftirlits á mikilvægum stýristöðum. Á skráningarblöðum þarf að koma fram nafn og staðsetning fyrirtækisins.
 - Eftirfarandi atriði skulu tilgreind í HACCP vöktunaráætlun:
 - ✓ hverju er haft eftirlit með
 - ✓ hvernig vöktun og eftirlit fari fram
 - ✓ hvenær vöktun og eftirlit fari fram (tíðni)
 - ✓ hver annast vöktun og eftirlit
 - ✓ hvernig og hvar skráningum er háttáð
 - ✓ hvernig eftirlit á mikilvægum stýristað er sannprófað, t. d. rýni á skráningum og með sýnatökum til að sýna fram á aðgerðir beri tilætlaðan árangur til að koma í veg fyrir þá hættu sem ætlunin er að hafa stjórn á.

Úttektir Matvælastofnunar vegna leyfisumsókna

Skv.4. gr. laga nr. 22/1994 skal leyfisveiting þeirra starfsstöðva sem þurfa samþykki lögbærs yfirvalds, fara fram skv. ákvæðum 18. gr. II kafla reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 sem innleidd var á hér með reglugerð nr. 108/2010.

Matvælastofnun gefur út starfsleyfi til ákveðins tíma eftir að hafa tekið út starfsemina.

Breytingar hjá leyfishöfum

Við breytingar á aðstæðum hjá leyfishöfum ber þeim að hafa samband við Matvælastofnun sem metur skv. ákveðnum starfsreglum til hvaða aðgerða þurfi að grípa. Til breytinga á aðstæðum telst eftirfarandi:

- breyting á nafni fyrirtækis
- breyting á kennitölu fyrirtækis
- breyting á eignaraðild
- breyting á framleiðslueiningu
- flutningur vinnslu í annað húsnæði
- nýrri vinnslugrein bætt við
- umtalsverð breyting á framleiðsluferli / framleiðslutækni.

II. VIÐAUKI reglugerðar EB nr. 183/2005

KRÖFUR TIL FÓÐURFYRIRTÆKJA, ANNARRA EN ÞEIRRA SEM ERU Á SVIÐI FRUMFRAMLEIÐSLU FÓÐURS SEM UM GETUR Í 1. MGR. 5. GR.

AÐSTAÐA OG BÚNAÐUR

- Halda skal vinnslu- og geymsluaðstöðu fyrir fóður, búnaði, ílátum, grindum, farartækjum og nánasta umhverfi hreinu og beita skal skilvirkum varnaráætlunum gegn skaðvöldum.
- Útfærsla, hönnun, bygging og stærð aðstöðunnar skal vera þannig:
 - að unnt sé að þrifa og/eða sótthreinsa hana nægilega vel,
 - að hættu á mistökum sé haldið í lágmarki og komist sé hjá mengun, víxlmengun og öllum öðrum skaðlegum áhrifum á öryggi og gæði varanna. Eftir hvers kyns vothreinsun skal þurrka vélbúnað sem kemst í snertingu við fóður.
- Hafa skal viðeigandi og reglubundið eftirlit með aðstöðu og búnaði, sem eru notuð við blöndun og/eða framleiðslu, ísamræmi við skriflegar verklagsreglur sem framleiðandinn ákveður fyrir fram fyrir vörurnar.
 - Allar vogir og mælitæki, sem eru notuð við fóðurframleiðslu, skulu gerð fyrir það þyngdar- eða rúmmálsbil sem mæla á og skal reglulega prófa nákvæmni búnaðarins.
 - Allur blöndunarbúnaður, sem er notaður við fóðurframleiðslu, skal gerður fyrir það þyngdar- eða rúmmálsbil sem mæla á og skal hann vera þannig að unnt sé að framleiða blöndur og þynningarlausnir sem eru nægilega einsleitir. Stjórnendur skulu sýna fram á skilvirkni blöndunarbúnaðar að því er varðar einsleitni.
- Í aðstöðunni skal vera næg náttúruleg lýsing og/eða gervilýsing.
- Frárennsliskerfið skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til slíks kerfis; það skal hannað og byggt þannig að ekki sé hættu á að fóður mengist.
- Vatn, sem er notað við framleiðslu fóðurs, skal vera fullnægjandi að gæðum fyrir dýr; vatnsleiðslur skulu vera úrhvarftregu efni.
- Farga skal skólpi, úrgangi og regnvatni þannig að tryggt sé að búnaður og öryggi og gæði fóðurs verði ekki fyrir áhrifum. Skemmdum og ryki skal haldið í lágmarki til að koma í veg fyrir að skaðvaldar komist inn.
- Gluggar og önnur op skulu, eftir því sem nauðsyn krefur, geta haldið skaðvöldum úti. Dyr skulu vera þéttar og getahaldið skaðvöldum úti þegar þær eru lokaðar.
- Ef nauðsyn krefur skulu loft og festingar í lofti vera þannig hönnuð, byggð og frá þeim gengið að ekki safnist þar fyrir óhreinindi og að þétting raka, óæskilegur mygluvöxtur og losun agna, sem geta haft áhrif á öryggi og gæði fóðurs, verði sem minnst.

STARFSFÓLK

Fóðurfyrirtæki skulu hafa yfir að ráða nógu mörgum hæfum starfsmönnum sem hafa nauðsynlega þekkingu, menntun og hæfi til að framleiða viðkomandi vörur. Semja skal skipurit með upplýsingum um menntun og hæfi (t.d. prófskírteini, starfsreynslu) og ábyrgð starfsmanna, sem hafa yfirumsjón með framleiðslunni, sem lögbær eftirlitsyfirvöld eiga að hafaaðgang að. Allir starfsmenn skulu hafa skýrar, skriflegar upplýsingar um verkefni sín, ábyrgð og valdsvið, einkum þegar breytingar eru gerðar, til að vörurnar verði af þeim gæðum sem sóst er eftir.

FRAMLEIÐSLA

- Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni.
- Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu tryggja að vinna á mismunandi framleiðslustigum samræmist fyrirframákvæðnum, skráðum aðferðum og fyrirmælum sem miða að því að skilgreina, fylgjast með og hafa stjórn á mikilvægum stöðum í framleiðsluferlinu.
- Gera skal tæknilegar eða skipulagslegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða lágmarka, eins og þörf krefur, hvers kyns víxlmengun og skekkjur. Nauðsynlegt er að til séu fullnægjandi og viðeigandi úrræði til að sinna eftirliti meðan á framleiðslu stendur.

4. Hafa skal eftirlit, í tengslum við heilbrigði manna eða dýra, með því hvort fram komi bannað fóður, óæskileg efni eða önnur mengunarefni og koma skal á viðeigandi varnaráætlunum til að halda áhættunni í lágmarki.
5. Úrgangur og efni, sem ekki henta sem fóður, skal einangra og auðkenna. Farga skal á viðeigandi hátt öllum slíkum efnum sem innihalda hættulega mikið af dýralyfjum, mengunarefnum eða öðrum hættulegum efnum og skulu þau ekki notuð sem fóður.
6. Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að rekja feril afurðanna.

GÆÐAEFTIRLIT

1. Ef við á skal tilnefna hæfan einstakling sem ber ábyrgð á gæðaeftirliti.
2. Það skal vera liður í gæðaeftirlitskerfi fóðurfyrirtækja að þau hafi aðgang að rannsóknarstofu með viðeigandi starfsfólki og búnaði.
3. Gera skal skriflega áætlun um gæðaeftirlit og hrinda henni í framkvæmd og skal hún einkum taka til eftirlits með mikilvægum stöðum í framleiðsluferlinu, aðferða við sýnatöku og tíðni sýnatöku, greiningaraðferða og tíðni greininga, athugunar á því hvort farið sé að forskriftum, allt frá vinnslu efna til lokaafurða og hvernig bregðast skal við ef ekki er farið að forskriftunum.
4. Framleiðandi skal halda skjöl, sem varða hráefni sem notað er í lokaafurðir, í því skyni að tryggja rekjanleika. Slík skjöl skulu vera aðgengileg lögbærum yfirvöldum í hæfilega langan tíma sem ræðst af því í hvaða tilgangi afurðirnar eru settar á markað. Að auki skal taka nægilegt magn sýna úr innihaldsefnum og úr hverri framleiðslulotu afurðar sem er framleidd og sett á markað eða úr hverjum tilteknum hluta framleiðslunnar (þegar um samfellda framleiðslu er að ræða) samkvæmt aðferð sem framleiðandinn ákveður fyrirfram með tilliti til þess að unnt sé að tryggja rekjanleika (ef framleiðslan er eingöngu til eigin nota skulu sýnin tekin með reglulegu millibili). Nauðsynlegt er að innsigla og merkja sýnin þannig að auðvelt sé að sanngreina þau og skal geyma þau við skilyrði sem koma í veg fyrir óeðlilegar breytingar á samsetningu þeirra eða að þau spillist. Sýnin skulu geymd þar sem lögbær yfirvöld hafa aðgang að þeim í hæfilega langan tíma sem ræðst af fyrirhugaðri notkun fóðursins þegar það er sett á markað. Ef um er að ræða fóður, sem er ætlað dýrum sem ekki eru alin til matvælaframleiðslu, þarf framleiðandi fóðursins eingöngu að geyma sýni úr lokaafurðinni.

GEYMSLA OG FLUTNINGUR

1. Aðskilja skal unnið fóður frá óunnum fóðurefnum og aukefnum til að koma í veg fyrir víxlmengun við unna fóðrið og skal nota viðeigandi umbúðaefni.
2. Fóður skal geymt og flutt í viðeigandi geymum. Geyma skal fóðrið á stöðum sem eru þannig útfærðir og lagaðir og haldið í þannig standi að góð geymsluskilyrði séu tryggð og þeir einstaklingar einir hafi aðgang að þeim sem hafa til þess leyfi stjórnenda fóðurfyrirtækisins.
3. Fóðrið skal geymt og flutt þannig að auðvelt sé að sanngreina það til að komast hjá hvers kyns ruglingi eða víxlmengun og koma í veg fyrir að það spillist.
4. Gámum og búnaði, sem eru notuð við flutning, geymslu, afhendingu, meðhöndlun og vigtun, skal haldið hreinum. Innleiða skal hreinsunaráætlanir og leiðar þvotta- og hreinsiefna og sótthreinsiefna skulu vera í lágmarki.
5. Öllum skemmdum skal haldið í lágmarki til að verjast skaðvöldum.
6. Þar sem við á skal hitastig vera eins lágt og unnt er til að koma í veg fyrir þéttingu raka og skemmdir.

SKRÁHALD

1. Allir stjórnendur fóðurfyrirtækja, þ.m.t. þeir sem eru eingöngu söluaðilar en geyma aldrei vörurnar á athafnasvæði sínu, skulu halda skrá með viðeigandi gögnum sem taka til upplýsinga um kaup, framleiðslu og sölu svo unnt sé að rekja ferlið frá móttöku til afhendingar, þ.m.t. útflutningur á lokaákvörðunarstað.
2. Stjórnendur fóðurfyrirtækja, að undanskildum þeim sem eru eingöngu seljendur sem geyma aldrei vörur á athafnasvæði sínu, skulu skrá og varðveita:
 - a) Skjöl sem varða framleiðsluferli og eftirlit. Fóðurfyrirtæki skulu ráða yfir skráningarkerfi sem er hannað bæði til að geta skilgreint og haft stjórn á mikilvægu stöðunum í framleiðsluferlinu og komið á og hrint í framkvæmd gæðaeftirlitsáætlun. Þau skulu geyma niðurstöðurnar úr þessu eftirliti. Þessi skjöl ber að varðveita svo að rekja megi framleiðslusögu hvernar

framleiðslulotu vöru sem er sett í dreifingu og skera megi úr um það hvar ábyrgðin liggur ef kvartanir berast.

- b) Skjöl sem varða rekjanleika, einkum:
- i. aukefna í fóðri:
 - eðli og magn þeirra aukefna sem hafa verið framleidd, framleiðsludagar þeirra og, ef við á, númerframleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar ef um samfellda framleiðslu er að ræða,
 - heiti og heimilisfang starfsstöðvarinnar, sem fékk aukefnin afhent, eðli og magn aukefnanna sem voru afhent og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar ef um samfellda framleiðslu er að ræða,
 - ii. vörur sem falla undir tilskipun 82/471/EBE:
 - eðli varanna og magn framleiðslunnar, framleiðsludagar þeirra og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar ef um samfellda framleiðslu er að ræða,
 - heiti og heimilisfang starfsstöðva eða notenda (starfsstöðvar eða bændur) sem hafa fengið vörurnar í hendur, ásamt upplýsingum um eðli og magn þeirra vara, sem hafa verið afhentar, og, ef við á, númerframleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar ef um samfellda framleiðslu er að ræða,
 - iii. forblöndur:
 - heiti og heimilisfang framleiðenda eða birgja aukefna, eðli og magn þeirra aukefna, sem hafa verið notuð og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða,
 - framleiðsludagur forblöndunnar og, ef við á, númer framleiðslulotunnar,
 - heiti og heimilisfang starfsstöðvarinnar sem hefur fengið forblönduna í hendur, afhendingardag, eðli og magn þeirrar forblöndu sem hefur verið afhent, og ef við á, númer framleiðslulotunnar.
 - iv. fóðurböndur/fóðurefni:
 - heiti og heimilisfang framleiðenda eða birgja aukefnisins/forblöndunnar, eðli og magn forblöndunnar sem er notuð, ásamt númeri framleiðslulotunnar ef við á,
 - heiti og heimilisfang birgja fóðurefna og fóðurbætis ásamt afhendingardegi,
 - tegund, magn og samsetning fóðurböndu,
 - eðli og magn framleiddra fóðurefna eða fóðurblandna ásamt framleiðsludegi og nafni og heimilisfangikaupanda (t.d. bónda eða annarra stjórnenda fóðurfyrirtækis).

KVARTANIR OG INNKÖLLUN VARA

1. Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu taka upp kerfi fyrir skráningu og meðhöndlun kvartana.
2. Þeir skulu koma á, ef nauðsyn krefur, kerfi sem gerir kleift að innkalla með skjótum hætti vörur í dreifingarkerfinu. Þeir skulu ákveða, samkvæmt skriflegum aðferðum, viðtökustað vara, sem hafa verið innkallaðar, og áður en slíkar vörur eru settar aftur í dreifingu skulu þær gangast undir gæðaeftirlit að nýju.

VIII. VIÐAUKI reglugerðar nr. 1774/2002

KRÖFUR VARÐANDI SETNINGU GÆLUDÝRAFÓÐURS, NAGBEINA OG TÆKNILEGRA VARA Á MARKAÐ

I. KAFLI

Kröfur er varða samþykki fyrir stöðvum til framleiðslu gæludýrafóðurs og fyrir tæknilegum stöðvum

Stöðvar til framleiðslu gæludýrafóðurs, nagbeina og tæknilegra vara, annarra en lífræns áburðar, jarðvegsbætis og fituafleiðaúr efni í 2. flokki, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. þær skulu hafa yfir að ráða fullnægjandi aðstöðu til að geyma og meðhöndla það efni, sem inn kemur, á algerlegaöruggan hátt og
2. þær skulu hafa yfir að ráða fullnægjandi aðstöðu til að farga, í samræmi við þessa reglugerð, ónotuðum aukaafurðum úr dýrum, sem verða eftir við framleiðslu afurðanna, eða senda þetta efni til vinnslustöðvar eða til brennslu- eðasambrennslustöðvar í samræmi við þessa reglugerð.

II. KAFLI

Kröfur er varða gæludýrafóður og nagbein

A. Hráefni

1. Einu aukaafurðirnar úr dýrunum, sem heimilt er að nota við framleiðslu gæludýrafóðurs og nagbeina, eru þær sem um getur í a- til j-lið 1. mgr. 6. gr. Ferskt gæludýrafóður skal þó eingöngu framleitt úr aukaafurðum úr dýrum sem um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr.

a) hlutar sláturdýra, sem nota má til manneldis í samræmi við löggjöf Bandalagsins, en eru ekki ætlaðir til manneldis af viðskiptalegum ástæðum,

b) hlutar sláturdýra, sem er hafnað sem óhæfra til manneldis en sýna engin merki um sjúkdóma, sem geta smitast í menn eða önnur dýr, og eru úr skrokkum sem eru taldir hæfir til manneldis í samræmi við löggjöf Bandalagsins,

c) húðir og skinn, hófar, klaufir og horn, burstir af svinum og fiður dýra, sem er slátrað í sláturhúsum og hafa áður gengist undir skoðun þar sem þau voru talin hæf til slátrunar og til manneldis í samræmi við löggjöf Bandalagsins,

d) blóð dýra, annarra en jörturdýra, sem er slátrað í sláturhúsum og hafa áður gengist undir skoðun þar sem þau voru talin hæf til slátrunar og til manneldis í samræmi við löggjöf Bandalagsins,

e) aukaafurðir úr dýrum sem falla til við framleiðslu afurða sem eru ætlaðar til manneldis, þ.m.t. fituhreinsuð bein og ham sar,

f) matvæli úr dýraríkinu eða úr afurðum úr dýraríkinu, þó ekki eldhússúrgangur, sem eru ekki lengur ætluð til neyslu af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða þökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir menn eða dýr,

g) hrámjólk úr dýrum sem sýna engin klínísk merki um sjúkdóm sem getur borist með þessari afurð í menn eða önnur dýr,

h) fiskur eða önnur sjávardýr, að undanskildum sjávarspendýrum, sem eru veidd á opnu hafi til framleiðslu fiskmjóls,

i) ferskar aukaafurðir úr fiski frá stöðvum, sem framleiða fiskafurðir til manneldis,

B. Vinnslukröfur

1. Gæludýrafóður í dósnum skal hitað þannig að Fc-gildið 3 náist að lágmarki.
2. Unnið gæludýrafóður, annað en slíkt fóður í dósnum, skal hitað þannig að kjarnahitinn verði a.m.k. 90 °C. Að meðhöndlun lokinni skal grípa til allra varúðarráðstafana til að tryggja að afurðin mengist ekki. Afurðinni skal pakkað í nýjar umbúðir.
3. Við vinnslu á nagbeinum skulu þau hituð nægilega til að eyða sjúkdómsvaldandi lífverum (þ.m.t. salmonella). Að meðhöndlun lokinni skal grípa til allra nauðsynlegra varúðarráðstafana til að tryggja að afurðin mengist ekki. Afurðinni skal pakkað í nýjar umbúðir.
4. Fersku gæludýrafóðri skal pakkað í nýjar umbúðir sem leka ekki. Gera skal tilhlýðilegar ráðstafanir til að tryggja að afurðin mengist ekki í framleiðsluferlinu og allt þar til sala er frágengin. Á umbúðunum skal standa skýrum og læsilegum stöfum: „Notist eingöngu sem gæludýrafóður“.
5. Slembisýni skulu tekin í framleiðslunni og/eða í geymslu (fyrir sendingu) til að sannreyna að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

Salmonella: finnst ekki í 25 g: n = 5, c = 0, m = 0, M = 0,

þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería. Niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m ,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería. Niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu eða fleiri sýnum er M eða þar yfir og

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldibaktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

Sjá einnig III. kafla V. viðauka reglugerðar EB nr. 1774/2002:

Aðferð 7

Sérhver vinnsluaðferð, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, enda hafi yfirvaldinu verið sýnt fram á að sýni hafi verið tekið úr fullunnu afurðinni daglega í einn mánuð í samræmi við eftirfarandi, örverufræðilegu kröfur:

- sýni tekin úr efninu strax eftir hitameðhöndlun: *Clostridium perfringens*: finnst ekki í 1 g af afurðinni,
 - sýni tekin úr efninu meðan það er í geymslu í vinnslustöðinni eða þegar það er tekið úr geymslu: *Salmonella*: finnst ekki í 25 g:
 $n = 5$,
 $c = 0$,
 $m = 0$,
 $M = 0$.
Enterobacteriaceae:
 $n = 5$,
 $c = 2$,
 $m = 10$,
 $M = 300$ í 1 g,
þar sem
 n = fjöldi sýna sem prófa skal,
 m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería.
Niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m ,
 M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería.
Niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu eða fleiri sýnum er M eða þar yfir og
 c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.
- Upplýsingar um mikilvæga stýristaði, sem staðfesta að hver vinnslustöð uppfylli á fullnægjandi hátt örverufræðilegar kröfur, skulu skráðar og varðveittar þannig að eigandinn, stjórnandinn eða fulltrúi þeirra og lögbært yfirvald geti haft eftirlit með starfsemi vinnslustöðvarinnar. Upplýsingarnar, sem skulu skráðar og eftirlit haft með, skulu taka til stærðar bita, markhita og, eftir því sem við á, algilds tíma, þrýstingsferils, aðflutningshraða hráefna og endurvinnsluhlutfalls fitu.